



# *Helga Hólm Helgadóttir*

*Fædd 4. júní 1928*

*Dáin 1. júlí 2021*



*Útför frá Akraneskirku  
þriðjudaginn 13. júlí 2021*

## FORSPIL

*Dagný*  
*Sigfús Halldórsson*

### BÆN

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína,  
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,  
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum;  
þú smyr höfuð mitt með olíu;  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur*

### RITNINGARORÐ

Nú sefur jörðin sumargræn.  
Nú sér hún rætast hverja bæn  
og dregur andann djúpt og rótt  
um draumabláa júlínótt.

Við yztu hafsbrún sefur sól  
og sofið er í hverjum hól.  
Í sefi blunda svanabörn  
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bóndabær  
og bjarma' á þil og glugga slær.  
Við móðurbrjóstin börn fá  
þá beztu gjöf, sem lífið á.

Nú dreymir allt um dýrð og frið  
við dagsins þögla sálarhlið.  
Og allt er kyrrt um fjöll og fjörð  
og friður drottins yfir jörð.

*Þorvaldur Blöndal – Davíð Stefánsson*

### RITNINGARORÐ









## *Ég vil heim*

Ég vil heim, heim í dalinn minn kæra.  
Ég vil heilsa þér aftur á ný.  
Ég vil leika og vinna og læra.  
Ég vil leita úr mannfjöldans gný.  
Ég vil hlusta á ljóðin þín lóa.  
Ég vil hrífast af svanna klišú.  
Ég vil horfa á blágresið gróa.  
Ég vil gleðjast við lindanna nið.  
Ég vil hoppa með lömbum í haga.  
Ég vil hestunum þeysa um grund.  
Ég vil beljur af básunum draga.  
Ég vil brosa við ketti og hund.  
Ég vil hlusta á hænurnar garga.  
Ég hossa ykkur kjúklingagrey.  
Ég vil bulla og masa við marga.  
Ég vil móta þar jarðlífsins fley.

*Vorið 1946*

*Helga Hólm Helgadóttir*







Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist hjart, en birtan þvarr, og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
uns fátíð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báurur, brim og voðasker.  
Nú birtir senn.  
Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

*Newman - Matthías Jochumsson*

## GUÐSPJALL

Ég leit eina lilju í holti,  
hún lifði hjá steinum á mel,  
svo blíð og svo björt og svo auðmjúk,  
en blettinn sinn prýddi hún vel.  
Ég veit það er úti um engin  
mörg önnur sem glitrar og skín.  
Ég þræti ekki um litinn né ljómann,  
en liljan í holtinu er mín.  
/:Þessi lilja er mín lifandi trú:/  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni,  
á völlum og engjum hvert blóm,  
og haustvindar blási um heiðar,  
með hörðum og deyðandi róm.  
Og veturinn komi með kulda  
og klaka og hríðar og snjó,  
hún lifir í hug mér sú lilja,  
og líf hennar veitir mér fró.  
/:Þessi lilja er mín lifandi trú:/  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.

*Erlent lag –*

*Ísl. þýðing Þorsteinn Valdimarsson*

## LJÓÐALESTUR

*Til svananna*

*Helga Hólm Helgadóttir*

## MINNINGARORÐ

Ó, fögur er vor fósturjörð,  
um fríða sumardaga,  
er laufin grænu litka börð  
og leikur hjörð í haga,  
en dalur lyftir blárrí brún  
mót blíðum sólar loga  
og glitrar flötur, glóir tún  
og gyllir sunna voga.

Og vegleg jörð vor áa er  
með ísi þakta tinda,  
um heiðrík kvöld að höfði sér  
nær hnýtir gullna linda,  
og logagneistum stjörnur strá  
um strindi, hulið svellum,  
en hoppa álfar hjarni á  
svo heyrst dun í fellum.

Þú fósturjörðin fríð og kær,  
sem feðra hlúir beinum  
og lífið ungu frjóvi fær  
hjá fornum bautasteinum,  
ó, blessuð vertu, fagra fold  
og fjöldinn þinna barna,  
á meðan gróa grös í mold  
og glóir nokkur stjarna!

*W. Schiött - Jón Thoroddsen*

## BÆN / FAÐIR VOR

Smávinir fagrir, foldar skart,  
fífill í haga, rauð og blá  
brekkusóley, við mættum margt  
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,  
annastu þennan græna reit.  
Blessaðu, faðir, blómin hér,  
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?  
Sofðu nú vært og byrgðu þig,  
- hægur er dúr á daggarnótt, -  
dreymi þig ljósið, sofðu rótt.

*Jónas Hallgrímsson - Jón Nordal*

## MOLDUN

### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjógvun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf manlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## BLESSUN

### EFTIRSPIL

*Sigrandi mætti*

*Henry Clay Work*

*Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson*  
*Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson*  
*Kammerkór Akraneskirkju*  
*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug og bjóða ástvinum að þiggja veitingar í safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***